

**Fundargerð stjórnar BÍS 17/2017, fimmtudaginn 6. apríl 2017 kl. 19:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs, Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs, Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskrárráðs, Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.

Á Skype: Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi.

Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs.

Dagskrá:

1) Setning

Dagmar aðstoðarskátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna. Hermann boðinn velkominn á fyrsta fund sinn með nýrri stjórn.

2) **Fundargerð síðasta fundar:** Skoðast samþykkt ef ekki koma athugasemdir innan 3ja daga. Verður ávallt sett á heimasíðuna að þeim tíma loknum.

3) Yfirlit stjórnarmanna (3 mín).

- a) Anna Gunnhildur: Framkvæmdaráðsfundur í morgun, farið yfir ýmis mál, sett í fundargerð sem liggur fyrir á Sharepoint. Fór ásamt Hermann, Páli og Hönnu á fund endurskoðanda þar sem farið var yfir þær áherslur sem þarf að leggja á í kjölfar skoðunar hans á reikningum BÍS. Farið yfir helstu mál í tengslum við nýjar og breyttar aðferðir, akstur og akstursnótur og hvernig hægt sé að einfalda ýmsa hluti innanhúss. Knýjandi fundir með dótturfyrirtækjum.
- b) Björk: 4. skref Gilwell var sl. laugardag með 14 þátttakendum. Það verður boðið upp á annað 4. skrefs námskeið og lokaskref Gilwell í maí. Búið er að fastsetja og auglýsa námskeið fyrir fyrirliða sjálfboðastarfs 13. maí.
- c) Dagmar Ýr: Félagaráð búið að hittast einu sinni og eru nú að undirbúa félagsstjórnaráðskeið í apríl, fundur með SSR sl. þriðjudag um stöðu skátafélaga í Reykjavík og hvað hægt er að gera til að fjölga skátum og efla starf.
- d) Harpa Ósk: Dagskrárráð hefur hist einu sinni, eru að manna drekkaskátamót fyrir vorið, vilja helst manna mótið til 3ja ára, eru í sambandi við drekkskátaforingja sem vilja samstarf um mótið. Athuga fyrirkomulag og mönnum aldursbilamóta. Setja tvo vinnuhópa, um leiðangursmerkin og umhverfisverkefni. Óska eftir fundi með Jakobi vegna dagskrárvefsins o.fl.
- e) Jakob: Fyrsti fundur ráðsins í dag, jákvæður og öflugur hópur, stofna ljósmyndahóp, þarf að vinna í tölvumálum, m.a. með dagskrárráði. Skátablaðið er í vinnslu, ritnefnd sér um það.
- f) Marta: Verið að skoða sig og embætti skátahöfðingja og hvernig móta á hlutverkið. Fór á skátafund í fyrradag með fullorðnum skátum í USA þar sem farið var yfir viðburði næstu ára sem þau mæta á, margir viðburðir í umsjón annarra en skáta og ákveðið að skátar fjölmenni á þá.
- g) Skátamiðstöðin: Erfitt að fá skýrslur, myndir og fréttir af viðburðum sem haldnir eru en ætla að skoða ferlið í því. Annars hefðbundið starf skv. áætlun.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) Fundur stjórnar BÍS og stjórnar SSR og félagsforingja í Reykjavík um stöðu skátafélaga í Reykjavík – áframhaldandi vinna með niðurstöður fundarins. Mörg

félög biðja um aðstoð í fjármálum og bókhaldi. Athuga hvort hægt er að hafa þetta í félagsstjórnanámskeiði. Dagmar leiðir næstu skref. Ánægjulegt það sem óskað var eftir, dagskrárpakkar og notendavæn verkefni eru hlutir sem dagskráráð og félagaráð eru að vinna með. Ánægjulegt að sjá og heyra kraftinn í félagsforingjum hjá SSR. Góður andi í hópnum á fundinum. Harpa óskar eftir að fá sveitarforingja milliliðalaust til dagskráráðs í þjálfun og fara yfir dagskrárefnið til að samræma og vinna upp. Dæmi tekið um góða vinnu og nálgun Fossbúa sem við uppbyggingu á sínu félagi hafa nýtt sér þá þjónustu sem Skátamiðstöðin býður. Skátafélagið Klakkur er annað dæmi um félag sem hefur nýtt vel aðstoð frá Skátamiðstöðinni. Þar er nú öflugt starf. Mikilvægt að hafa starfsmann hjá félögunum sem styðja við starfið. Vert er að athuga starfslýsingar og starfsramma starfsfólks skátafélaganna og koma með tillögur að því hvernig tíma starfsfólksins sé best varið með tilliti til stuðnings við sveitarforingja.

5) Meginviðfangsefni 2:

- a) Meginviðfangsefni stjórnarfundar árið 2017 frestað fram til næsta fundar. JPG mun leggja til drög tímalínu stjórnar fram á haust. Samskipta- og verklagsreglur samþykktar. Síðareglur ÆV/BÍS kynntar og starfsreglur stjórnar ræddar, verður fram haldið á næsta stjórnarfund. Starfsrammi BÍS kynntur. Ákveðið að fara nánar yfir þetta á fundi um miðjan maí. Þessi verkefni/skjöl eru yfirfarin árlega og breytt eftir þörfum stjórnarmeðlima hverju sinni. Skjölin eru inni á Sharepoint og allir beðnir að setja sínar hugleiðingar þar inn.

6) Mál til kynningar:

- a) Bland í poka/Startup, skátastarf á nýjum slóðum. Breyta „Bland í poka“ í „Pepp í poka“. Sterkar vísbendingar eru um að róverskátar og eldri skátar hafi áhuga á að hittast á slíkum vettvangi. Ákveðið að halda áfram með viðburðinn en með nýjum ramma í takt við nýtt nafn. Tímasetning er óákveðin. Lagt í hendur DÝÓ og HÓV.
- b) Startup er hugsað til að vinna saman að vetrarstarfinu. Mælt með að það sé ekki um sömu helgi og sumar-Gilwell. Félagaráð útfærir startup.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a) Yfirlit yfir stöðu Gilwell þjálfunar. Frestað til næsta fundar.
- b) Skipun aðila í Úlfjótsvatnsráð. Frágengið á síðasta fundi. Óska eftir HS verði áheyrnarfulltrúi með tillögurétt í Úlfjótsvatnsráði. Samþykkt.
- c) Reglugerð um Skátarétt. AGS hefur rætt við Láru V. Júlíusdóttur um starfsramma ráðsins. Lára óskaði eftir að fá þau gögn sem þessu tilheyrir og skoða hvort þau setja rammann eða leiti aðstoðar. Lára bendir á að það sé nauðsynlegt að senda út skipunarbréf að loknu Skátapingi til ráða og nefnda með m.a. upplýsingum um hverjir eru í ráðinu, hlutverk og helstu upplýsingar sem tengjast ráðinu. SÁ mun senda þessar upplýsingar og skipunarbréf til allra nefnda og ráða.
- d) Endurmat á tilkynningaferli trúnaðarmáls 30. mars. Frestað til næsta fundar.
- e) Fjármál - Grænir skátar, fjármögnun á kaupum á húsnæði í Tindaseli sem kostar 87 milljónir. Spurning hvort BÍS er reiðubúið að ganga í ábyrgð fyrir dótturfélagið „Græna skáta“. Með því að ganga í ábyrgð fyrir Tindasel nást hagstæðari kjör á lánum. Þetta er samþykkt með fyrirvara um samþykki þeirra stjórnarmeðlima BÍS sem eru fjarverandi. Óskað eftir upplýsingum frá Torfa Jóhannssyni framkvæmdastjóra og atkvæði allra stjórnarmeðlima fyrir miðvikudag 12. apríl. Sjá skjámynd af tilboði Birtu lífeyrissjóðs hér fyrir neðan dags. 23. mars 2017.
- f) Fjármál – Styrktarsjóður skáta: Það er möguleiki að fjármagna sjóðinn betur og lagt er til að sjóðurinn verði geymdur í lausafjár safni hjá Íslandssjóðum. Samþykkt með fyrirvara um að allir stjórnarmeðlimir samþykki fyrir miðvikudag og gögn undirrituð.

- g) Fjármál - HS fær fulla prókúru hjá BÍS og dótturfélögum, gengið frá gögnum.
- h) Fjármál - Fundur með Tryggva Jónssyni endurskoðanda um að skerpa á verkferlum og unnið út frá minnispunktum frá Tryggva. Minnispunktar sendir til félagsforingja og komið á Sharepoint.
- i) Fjármál – Matarinnkaup og eyðslumál. Stefnt að því að fá 3ja mánaða yfirlit fljótlega. Ráð verja mismiklu fé í veitingar á fundum, það fé er tekið af því heildarfjármagni sem viðkomandi ráð hefur til ráðstöfunar. Æskilegt að leggja línur um þetta.

8) Önnur mál

- a) Fundargerð Skátaþings samþykkt með fyrirvara um að leiðréttingar berast fyrir 12. apríl.
- b) Starfsmannamál:
 - i. Starfsmannayfirlit - Vikulegt yfirlit yfir verkefni og störf hvers starfsmanns. Það fyrirkomulag lá tímabundið niðri árið 2016 en að beiðni HS voru það tekið upp aftur og hefur verið virkt frá október 2016. Þau eru sett inn reglulega á Sharepoint svæði stjórnar BÍS.
 - ii. Trello: Kerfi sem notað er til að setja inn verkefni og tengja saman ef fleiri vinna að sama verki.
 - iii. Stimpilkukka starfsfólks: Starfsfólk stimplar sig inn og út í tölvu í Skátamiðstöðinni og haldið er utan um tímafjölda hvers og eins í vinnu.
 - iv. Sumarleyfi starfsfólks: Haldið er utan um sumarleyfi í Excel skjali sem á að færa inn í DK-kerfið. Það verða gerðar leiðréttingar í launakerfinu á ofreiknuðum orlofsdögum. Upplýsingar um 2016 og 2017 eru í skjalinu.
 - v. Samskiptaskjal: Starfsfólk er beðið að fylla jafnóðum inn í samskiptaskjal öll samskipti við skátafélögin svo hægt sé að vitna í það og fá upplýsingar um öll samskipti. Þetta er nauðsynlegt því snertifletir við skátafélögin eru margir.
 - vi. Starfsmannafundir og fundargerðir: Í hverri viku eru haldnir fundir með kjarnastarfsmönnum Skátamiðstöðvarinnar (Dagbjört, Júlíus, Salka, Sigríður og Hermann situr flesta fundi). Einnig eru vikulegir fundir með lykilstarfsmönnum sem stýra hverri einingu innan Skátamiðstöðvarinnar: Hermann, Jón Ingvar, Páll, Sigríður, Torfi. Þar er farið yfir samræmingu og verkefni framundan. Fundargerðir eru skrifaðar á öllum fundum Skátamiðstöðvarinnar og vistaðar á Sharepoint.
- c) Skipun fulltrúa í Skátamót. Sonja Kjartansdóttir sagði sig úr stjórn Skátamóta. Stjórn BÍS leggur til að leitað verði til Hrannar Pétursdóttur. JÞG stjórnarformanni Skátamóta er falið að tala við Hrönn.
- d) Trúnaðarmál. 6 mál eru yfirfarin og bókuð í trúnaðarbók.
- e) Viðbragðsteymi BÍS er enn ekki fullmannað síðan á Skátaþingi og lagt til að það verði klárað.

Fundi slitið kl. 23:45.

Fundargerð ritaði SÁ.

Úr viðburðadagatali BÍS:

4. apríl	Fundur BÍS og SSR ásamt félagsforingjum í Rvík um uppbyggingu skátastarfs í Rvík
7-14	Auður djúpúðga - útivistaraskorun rekkaskáta
24	Endurfundur skáta - ath er 1/2 mánuði seinna en venjulega
	Íslenski fáninn í öndvegi
19.-23	Agora 2017 - Delft, Netherlands
20	Sumardagurinn fyrsti
20	Skátafélagið Vífill fagnar 50 ára afmæli
27	Vítamínkvöld - Útivist í skátastarfi
19.-23	Young Spokesperson Training (við höldum þetta fyrir WOSM)
28-30	Hrollur - ævintýraleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta
29	Félagsstjórnánámskeið
6. maí	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
18	Vítamínkvöld - Verndum þau
5.-7.	VISTA-helgi
11.-14.	World Scout Educational Congress, Kandersteg
17	Samráðsfundur/hópefli stjórnar og ráða BÍS
20-21	Skyndihjálparnámskeið
27.-28.	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
26.-28.	Vormót Hraunbúa
3.-4.	Drekaskátamót
6.-7.	Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
6.-8.	Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
8	Verndum þau námskeið
19	Sumarbúðirnar hefjast á Úlfliótsvatni
17.	Þjóðhátíðardagur Íslendinga
23.-25.	Viðeyjarmót Landnema